

Íslensk 16. maí 1940

## Persneskúr Messías.

### I.

„Zóróaster spáði 3000 ára sundrung á undan komu Shah Bahram, frelsara heimsins, sem mundi vinna sigur á Akriman (en svo heitir andskotinn í trú Persa) og stofna ríki réttlætis og friðar“ .... En Baha Ullah kunngjörði að hann væri sá fyrirheitni sem koma skyldi. „Fylling tímans er komin og þar með hinn fyrirheitni frelsari.“

Þetta stendur í bók Esslemonsts Baha Ullah og nýi tíminn, (s. 65—66). Akureyrarblaðið Dagur hefir orðið á undan Reykjavíkurblöðunum til þess að rita um bók þessa, sem Hólfríður Árnadóttir, kenslukona, hefir þytt. Á frk. Hólfríður þökk skilið fyrir, því að bókin um þá feðgana Baha Ullah og Abdul Baha er vissulega mjög eftirtektarverð og það er ekki að efa, að þar ræðir um menu andlega náskylda fyrri tíma trúarhöfundum. Margt af því sem Esslemont hefir eftir spámönum þessum er býna at-hyglisvert og vel sagt eins og t. d. þetta (s. 201): „góðri gréin samfara réttri frásögn, er að líkja við sól sem ris við sjóninn“ (Baha Ullah). En ekki

er það rétt, sem haft er eftir Abdul (s. 222) að „allir miklir andlegir fræðarar“ hafi komð „fram í austurhluta heimsins“. Þarf þar ekki annað en minna á Swedenborg, sem flutti merkilegri kenningu um lifið eftir dauðann, en nokkur trúarhöfundur á undan honum. Og það er heldur ekki rétt sem bókarhöfundurinn (Esslemont) segir (s. 8), „að vér verðum að viðurkenna, að hinir mklu trúarhöfundar hafi átt mestan þátt í andlegum þroska mannkynsins“: Því að það, er augljóst, að leitin eftir þekkingu hefir þar mestu um valdið. Og fyllilega er ekki komið á framfaraleið fyr en visindaleg þekking er fengin á lífinu eftir dauðann, og skilningur á því, hversu lifið er þáttur í sköpun heimsins. Og að visu virðist mega halda því fram, að Abdul-Baha spái að svo muni verða, þar sem hann segir (s. 204) „Veröldin verður full af visindum með þekkingu á raunveruleika leyndardóma tilverunnar, og með þekkingu á guði“. En spámannlegt er þetta einnig í þeirri merkingu, að skýrar og betur mætti orða það.

2. maí.

Helgi Pjeturss.